Fullgild rafræn undirskrift
HLYNUR SIGURÐSSON
Kennitala: 270971-4909
2023-11-22 10:59:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HARALDUR ÖRN REYNISSON
Kennitala: 310177-5399
2023-11-22 11:19:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓNAS RAFN TÓMASSON
Kennitala: 041273-5699
2023-11-22 11:26:04 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HRAFNHILDUR HELGADÓTTIR
Kennitala: 260470-3619
2023-11-22 13:13:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR SOFFÍA SIGURÐARDÓTTIR
Kennitala: 190979-2969
2023-11-22 13:57:45 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MAGNÚS GUNNAR ERLENDSSON
Kennitala: 151179-5339
2023-11-22 14:04:36 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GÍSLI JÓHANNSSON
Kennitala: 240670-3219
2023-11-22 14:20:14 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÁGÚSTA KATRÍN GUÐMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 190965-3929
2023-11-22 18:46:54 GMT
Ástæða: Undirskrift

# KPMG ehf.

## Ársreikningur 2023

## samstæða og móðurfélag

## 1. október 2022 til 30. september 2023

KPMG ehf.
Kt. 590975-0449
Borgartúni 27
105 Reykjavík

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 5 |
| Rekstrarreikningur | 7 |
| Efnahagsreikningur | 8 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 10 |

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

KPMG ehf. er aðili að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. KPMG er alþjóðlegt net fyrirtækja sem veita faglega þjónustu á sviði endurskoðunar, skatta og ráðgjafar.

Hjá KPMG ehf. samstæðu voru 288 ársverk í lok rekstrarárs, konur 162 og 126 karlar.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2023 er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga ásamt ársreikningi móðurfélagsins, en í samstæðunni eru þrjú félög.

## Rekstur ársins 2023 og framtíðarhorfur

Tekjur samstæðunnar námu 6.824 millj. kr. (2022: 5.891 millj. kr.) Hagnaður ársins nam 566 millj. kr. (2022: 527 millj. kr.). Eignir samstæðunnar í septemberlok 2023 námu 2.643 millj. kr. (2022: 2.247 millj. kr.) og bókfært eigið fé í nam 774 millj. kr. (2022: 724 millj. kr.) Eiginfjárhlutfall var 29% árið 2023, samanborið við 32% árið áður. Rekstrartekjur á árinu 2023 jukust um 16% frá fyrra ári og áfram eru væntingar um eftirspurn eftir sérfræðiþjónustu á rekstrarárinu 2024.

Megin óvissa í starfsemi félagsins liggur í almennum efnahagshorfum, launaþróun á Íslandi og innheimtu viðskiptakrafna. Útlánaáhætta félagsins felst í viðskiptkröfum en mat á niðurfærsluþörf þeirra er sýnt í skýringu 17. Engar vaxtaberandi skuldir hvíla á félaginu. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru óveruleg og því er markaðs- og gengisáhætta hjá félaginu óveruleg.

## Hluthafar

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 33,6 millj. kr. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 2,1 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé. Hluthafar voru 37 í lok reikningsárs en voru 34 árið áður. Viðskipti með eigin hlutabréf eru í samræmi við hluthafasamkomulag milli aðila. Vísað er í skýringu 23 um eignarhluta í félaginu.

Stjórn félagsins leggur til að arður að fjárhæð 559 millj. kr. verði greiddur til hluthafa á árinu 2024 vegna ársins 2023, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

## Sjálfbærni og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

KPMG hefur lagt áherslu á samfélagsábyrgð og vinnur félagið eftir sjálfbærnistefnu í þeim málum. Innan félagsins er virk sjálfbærninefnd sem markar stefnu félagsins og gefur árlega út sjálfbærniskýrslu samhliða ársskýrslu félagsins þar sem dregnar eru fram tölulegar upplýsingar um mælikvarða og markmið félagsins eftir því sem við á. Stefna KPMG tekur mið af öllum þáttum sjálfbærni út frá mikilvægisgreiningu en meginverkefnin eru tengd fólki og gæðamálum, ábyrgum viðskiptaháttum, umhverfismálum, vinnuvernd, öryggismálum og samfélagslegri ábyrgð.

## Stjórnarhættir

KPMG leggur sig fram um að viðhalda góðum og viðurkenndum stjórnarháttum. Skipulag KPMG styður við samræmda gæðaþjónustu og fylgni við sameiginleg gildi. KPMG rekur öflugt og samræmt gæðastjórnunarkerfi í því skyni að unnið sé í samræmi við siðferðiskröfur, heilindi og óhæði.

Í stjórn KPMG ehf. eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið skilyrði laga um einkahlutafélög um kynjahlutföll stjórnar félagsins. Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð þremur konum og fimm körlum.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er það álit þeirra að ársreikningur félagsins sé í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. september 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra frh.:

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn KPMG ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. nóvember 2023

**Í stjórn félagsins:**

**Rafræn undirritun stjórnenda félagsins er á forsíðu ársreiknings.**

Hrafnhildur Helgadóttir, formaður
Haraldur Örn Reynisson
Jónas Tómasson
Magnús G. Erlendsson
Sigríður Soffía Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri:

Hlynur Sigurðsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa KPMG ehf.

## Skýrsla vegna endurskoðunar ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning KPMG ehf. (samstæða og móðurfélag) fyrir reikningsárið 1. október 2022 til 30. september 2023 að undanskilinni skýrslu stjórnar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar og móðurfélagsins reikningsárið 1. október 2022 til 30. september 2023, efnahag 30. september 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð KPMG ehf. í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegrar skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi KPMG ehf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla hæfilegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegrar skekkju, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Hæfileg vissa er mikil vissa, en þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna sviksemi eða mistaka og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri efahyggju í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

***Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.***

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

**Skýrsla vegna annarra ákvæða, laga og reglna**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 22. nóvember 2023

**Endurskoðun og reikningshald ehf.**

| | |
|---|---|
| Ágústa Katrín Guðmundsdóttir | Gísli Jóhannsson |
| löggiltur endurskoðandi | löggiltur endurskoðandi |

# Rekstrarreikningur 2023
# fyrir tímabilið 1. október 2022 til 30. september 2023

| | | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Skýr. | 1.10.2022 - 30.9.2023 | 1.10.2021 - 30.9.2022 | 1.10.2022 - 30.9.2023 | 1.10.2021 - 30.9.2022 |
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Seld þjónusta | | 6.530.711 | 5.688.990 | 6.530.711 | 5.688.990 |
| Aðrar tekjur | | 293.531 | 201.870 | 282.760 | 192.948 |
| | | 6.824.243 | 5.890.860 | 6.813.471 | 5.881.938 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Aðkeypt þjónusta til endursölu | | 526.445 | 320.263 | 523.240 | 320.263 |
| Laun og launatengd gjöld | 9 | 4.465.006 | 4.010.336 | 4.465.006 | 4.010.336 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 1.058.445 | 865.888 | 1.054.190 | 857.684 |
| Afskriftir | 13 | 83.005 | 32.164 | 68.834 | 22.332 |
| | | 6.132.901 | 5.228.651 | 6.111.270 | 5.210.615 |
| Rekstrarhagnaður | | 691.342 | 662.209 | 702.201 | 671.323 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | | |
| Fjármunatekjur | 10 | 43.175 | 22.360 | 41.473 | 22.263 |
| Fjármagnsgjöld | 10 | ( 23.501) | ( 19.065) | ( 23.230) | ( 18.698) |
| | | 19.674 | 3.295 | 18.243 | 3.565 |
| Áhrif dótturfélaga | 14 | 0 | 0 | ( 9.614) | ( 9.622) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 711.016 | 665.504 | 710.830 | 665.266 |
| Tekjuskattur | 16 | ( 144.752) | ( 138.342) | ( 144.566) | ( 138.104) |
| **Hagnaður ársins** | 18 | 566.264 | 527.162 | 566.264 | 527.162 |

# Efnahagsreikningur 30. september 2023

| | Skýr. | Samstæða 30.9.2023 | Samstæða 30.9.2022 | Móðurfélag 30.9.2023 | Móðurfélag 30.9.2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | |
| Viðskiptavild | 4,11 | 243.265 | 202.288 | 129.440 | 74.291 |
| Aðrar óefnislegar eignir | 4,11 | 15.417 | 7.369 | 15.417 | 7.369 |
| Rekstrarfjármunir | 5,12 | 271.870 | 102.847 | 271.870 | 102.847 |
| Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum | 14 | 3.150 | 3.150 | 148.885 | 158.689 |
| Skuldabréfaeign | 15 | 42.626 | 31.562 | 42.626 | 31.562 |
| Tekjuskattseign | 6,16 | 11.529 | 18.178 | 11.529 | 18.178 |
| Fastafjármunir | | 587.857 | 365.394 | 619.766 | 392.936 |
| Viðskiptakröfur | 7,17 | 1.561.600 | 1.182.887 | 1.547.479 | 1.177.540 |
| Kröfur á tengd félög | | 0 | 0 | 360 | 360 |
| Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar | 15 | 4.141 | 6.622 | 4.141 | 6.622 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 44.163 | 40.464 | 42.741 | 34.843 |
| Handbært fé | 8 | 446.468 | 651.459 | 424.061 | 631.931 |
| Veltufjármunir | | 2.056.373 | 1.881.432 | 2.018.781 | 1.851.296 |
| **Eignir samtals** | | 2.644.230 | 2.246.826 | 2.638.547 | 2.244.232 |
| **Eigið fé** | | | | | |
| Hlutafé | | 31.500 | 33.150 | 31.500 | 33.150 |
| Yfirverðsreikningur | | 97.214 | 118.214 | 97.214 | 118.214 |
| Lögbundinn varasjóður | | 7.875 | 8.288 | 7.875 | 8.288 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 12.638 | 8.802 | 12.638 | 8.802 |
| Óráðstafað eigið fé | | 624.412 | 555.321 | 624.412 | 555.321 |
| Eigið fé samtals | 18 | 773.639 | 723.775 | 773.639 | 723.775 |
| **Skuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 573.238 | 412.002 | 566.017 | 402.774 |
| Skuldir við tengd félög | | 0 | 0 | 1.620 | 6.853 |
| Skattar ársins | 16 | 138.103 | 111.646 | 137.917 | 111.376 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 19 | 1.159.249 | 999.403 | 1.159.353 | 999.454 |
| Skammtímaskuldir | | 1.870.591 | 1.523.051 | 1.864.908 | 1.520.457 |
| Skuldir samtals | | 1.870.591 | 1.523.051 | 1.864.908 | 1.520.457 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 2.644.230 | 2.246.826 | 2.638.547 | 2.244.232 |

# Sjóðstreymisyfirlit
# fyrir tímabilið 1. október 2022 til 30. september 2023

| | Skýr. | Samstæða 1.10.2022-30.9.2023 | Samstæða 1.10.2021-30.9.2022 | Móðurfélag 1.10.2022-30.9.2023 | Móðurfélag 1.10.2021-30.9.2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hagnaður ársins | | 566.264 | 527.162 | 566.264 | 527.162 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna | 12 | 0 | ( 20.828) | 0 | ( 20.828) |
| Afskriftir | 13 | 83.005 | 32.164 | 68.834 | 22.332 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 10 | ( 19.674) | ( 3.295) | ( 18.243) | ( 3.565) |
| Áhrif dótturfélaga | 14 | 0 | 0 | 9.614 | 9.622 |
| Tekjuskattur | 6,16 | 144.752 | 138.342 | 144.566 | 138.104 |
| Veltufé frá rekstri | | 774.347 | 673.545 | 771.036 | 672.827 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Skammtímakröfur, hækkun | | ( 385.029) | ( 265.970) | ( 382.242) | ( 287.279) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 230.428 | ( 1.090) | 234.271 | 2.571 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 154.601) | ( 267.060) | ( 147.971) | ( 284.708) |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 40.056 | 14.398 | 38.354 | 14.301 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 15.623) | ( 11.512) | ( 15.156) | ( 11.404) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 134.031) | ( 105.265) | ( 133.761) | ( 105.265) |
| Handbært fé frá rekstri | | 510.148 | 304.106 | 512.501 | 285.751 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í öðrum rekstri | 11,14 | ( 33.413) | ( 127.141) | ( 33.413) | ( 127.141) |
| Fjárfesting í öðrum óefnislegum eignum | 11 | ( 11.708) | ( 3.957) | ( 11.708) | ( 3.957) |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 12 | ( 152.545) | ( 30.315) | ( 152.545) | ( 30.315) |
| Söluverð eigna | 12 | 0 | 28.000 | 0 | 28.000 |
| Kröfur og skuldir við tengd félög, breyting | | 0 | 0 | ( 5.233) | 18.788 |
| Skuldabréfaeign, breyting | | 27.335 | 7.331 | 27.335 | 7.331 |
| | | ( 170.330) | ( 126.082) | ( 175.563) | ( 107.294) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Greiddur arður | 18 | ( 490.000) | ( 470.000) | ( 490.000) | ( 470.000) |
| Lækkun hlutafjár | 18 | ( 70.009) | ( 13.029) | ( 70.009) | ( 13.000) |
| Aukning hlutafjár | | 15.200 | 0 | 15.200 | 0 |
| | | ( 544.809) | ( 483.029) | ( 544.809) | ( 483.000) |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 204.991) | ( 305.005) | ( 207.870) | ( 304.543) |
| **Handbært fé í upphafi árs** | | 651.459 | 956.464 | 631.931 | 936.474 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 446.468 | 651.459 | 424.061 | 631.931 |
| **Hreyfingar án greiðsluáhrifa:** | | | | | |
| Ógreidd fjárfesting í rekstrarfjármunum | 11 | ( 65.387) | 0 | ( 65.387) | 0 |
| Ógreidd fjárfesting í öðrum rekstri | 19 | ( 38.000) | ( 20.000) | ( 38.000) | ( 20.000) |
| Lækkun hlutafjár | 18 | ( 4.391) | 0 | ( 4.391) | 0 |
| Aukning hlutafjár | 18 | 33.000 | 18.850 | 33.000 | 18.850 |
| Breyting skuldabréfaeignar | 15 | ( 33.000) | ( 18.850) | ( 33.000) | ( 18.850) |
| Hækkun skammtímaskulda | 19 | 107.778 | 20.000 | 107.778 | 20.000 |

# Skýringar

**Reikningsskilaaðferðir**

**1. Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningur félagsins hefur að geyma samstæðureikning þess og dótturfélaga, ásamt ársreikningi móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningar dótturfélaganna eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Eignarhlutir móðurfélagsins í dótturfélögunum eru færðir á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum.

**2. Innlausn tekna**

Tekjur af seldri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af þeirri vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað.

**3. Erlendir gjaldmiðlar**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikninginn.

**4. Óefnislegar eignir**

Viðskiptavild hefur myndast við kaup á öðrum rekstri og við kaup á dótturfélögum. Mismunur á kostnaði við yfirtöku og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda myndar viðskiptavild. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Viðskiptavild er afskrifuð línulega á fimm til tíu árum.

Aðrar óefnislegar eignir eru hugbúnaður sem færður er á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum línulegum afskriftum. Hugbúnaður er afskrifaður á fjórum árum.

**5. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við nýtingartíma rekstrarfjármunanna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........ | 33 ár |
| Áhöld, tæki og innréttingar ........ | 3-12 ár |

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

**6. Tekjuskattseign**

Tekjuskattseign er færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismuni efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Tekjuskattseign er ekki færð upp nema að því marki sem talið er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

**7. Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Um er að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

## 8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2023 | 2022 | 2023 | 2022 |
| Laun | 3.354.416 | 3.034.401 | 3.354.416 | 3.034.401 |
| Lífeyrisiðgjöld | 451.563 | 406.748 | 451.563 | 406.748 |
| Önnur launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 659.027 | 569.187 | 659.027 | 569.187 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 4.465.006 | 4.010.336 | 4.465.006 | 4.010.336 |
| Ársverk | 257 | 247 | 257 | 247 |
| Starfsmenn í árslok | 288 | 287 | 288 | 287 |

Laun framkvæmdastjóra voru 42 millj. kr. á rekstrarárinu (48 millj. kr. árið 2022).

## 10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2023 | 2022 | 2023 | 2022 |
| Vaxtatekjur | 43.175 | 22.360 | 41.473 | 22.263 |
| Fjármunatekjur samtals | 43.175 | 22.360 | 41.473 | 22.263 |
| Vaxtagjöld | ( 15.623) | ( 11.512) | ( 15.156) | ( 11.404) |
| Gengistap | ( 7.878) | ( 7.553) | ( 8.074) | ( 7.294) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 23.501) | ( 19.065) | ( 23.230) | ( 18.698) |
| Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum | 19.674 | 3.295 | 18.243 | 3.565 |

## 11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og afskriftir þeirra greinast þannig:

| Samstæða | Viðskipta-vild | Aðrar óefnis-legar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Bókfært verð 1.10.2022 | 202.288 | 7.369 | 209.657 |
| Fjárfesting á árinu | 71.413 | 11.708 | 83.121 |
| Niðurfært á árinu | ( 30.436) | ( 3.660) | ( 34.096) |
| Bókfært verð 30.9.2023 | 243.265 | 15.417 | 258.682 |
| Afskriftahlutföll | 10-20% | 25% | |
| **Móðurfélag** | | | |
| Bókfært verð 1.10.2022 | 74.291 | 7.369 | 81.660 |
| Fjárfesting á árinu | 71.413 | 11.708 | 83.121 |
| Niðurfært á árinu | ( 16.265) | ( 3.660) | ( 19.925) |
| Bókfært verð 30.9.2023 | 129.440 | 15.417 | 144.857 |
| Afskriftahlutföll | 10-20% | 25% | |

Á árinu 2023 festi félagið kaup á rekstri sem sérhæfir sig í bókhaldi. Á síðastliðnum árum festi félagið einnig kaup á rekstri sem sérhæfir sig í ráðgjöf og hugbúnaðarþróun og stafrænum lausnum.

## 12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

| | Fasteignir | Áhöld, tæki og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Samstæða og móðurfélag** | | | |
| Heildarverð 1.10.2022 | 47.128 | 433.956 | 481.084 |
| Afskrifað áður | ( 35.838) | ( 342.399) | ( 378.237) |
| Bókfært verð 1.10.2022 | 11.290 | 91.557 | 102.847 |
| Viðbót á árinu | 0 | 217.932 | 217.932 |
| Afskrifað á árinu | ( 1.289) | ( 47.620) | ( 48.909) |
| Bókfært verð 30.9.2023 | 10.001 | 261.869 | 271.870 |
| | | | |
| Heildarverð 30.9.2023 | 47.128 | 651.888 | 699.016 |
| Afskrifað samtals 30.9.2023 | ( 37.127) | ( 390.019) | ( 427.146) |
| Bókfært verð 30.9.2023 | 10.001 | 261.869 | 271.870 |
| | | | |
| Afskriftahlutföll | 3% | 8-33% | |

Vátryggingaverð fasteigna félagsins nam 272 millj. kr. í lok september 2023. Fasteignamat þeirra ásamt lóðum nam 112 millj. kr. á sama tíma.

## 13. Afskriftir

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2023 | 2022 | 2023 | 2022 |
| Afskriftir rekstarfjármuna, sbr. skýringu 12 | 48.909 | 9.101 | 48.909 | 9.101 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna, sbr. skýringu 11 | 34.096 | 23.063 | 19.925 | 13.231 |
| | 83.005 | 32.164 | 68.834 | 22.332 |

## 14. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum

Móðurfélagið á þrjú dótturfélög og eitt hlutdeildarfélag í lok september. Hlutdeildarfélagið er þjónustufélag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Hlutdeild samstæðunnar í rekstrarárangri dótturfélaga og áhrif þeirra á samstæðureikning félagsins greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Hlutdeild í rekstri | Bókfært verð 30.9.2023 |
|---|---|---|---|
| **Innifalin í samstæðureikningi** | | | |
| KPMG legal ehf., Reykjavík | 100% | 3.836 | 17.846 |
| Circular Solutions ehf., Reykjavík | 100% | ( 6.371) | 58.877 |
| RR ráðgjöf ehf., Reykjavík | 100% | ( 7.079) | 69.012 |
| Áhrif dótturfélaga samtals | | ( 9.614) | 145.735 |
| | | | |
| **Aðrir eignarhlutir** | | | |
| KPMG Nordic Solutions OU, Eistland | 20,0% | 0 | 3.150 |
| | | 0 | 3.150 |
| | | | |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga samtals | | ( 9.614) | 148.885 |

## 15. Skuldabréfaeign

Við sölu á hlutum í félaginu hefur félagið tekið við skuldabréfum sem greiðslu. Skuldabréfin greiðast upp á fimm árum. Þau eru óverðtryggð og miðast vaxtakjör við kjörvexti Íslandsbanka hf.

| **Yfirlit um skuldabréfaeign** | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Skuldabréf | 46.767 | 38.184 |
| Afborganir næsta árs | ( 4.141) | ( 6.622) |
| Skuldabréfaeign samkvæmt efnahagsreikningi | 42.626 | 31.562 |

| **Afborganir af skuldabréfaeign greinast þannig á næstu ár** | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Árið 1.10.2022 - 30.9.2023 | - | 6.622 |
| Árið 1.10.2023 - 30.9.2024 | 4.141 | 5.028 |
| Árið 1.10.2024 - 30.9.2025 | 6.515 | 5.971 |
| Árið 1.10.2025 - 30.9.2026 | 9.476 | 10.815 |
| Árið 1.10.2026 - 30.9.2027 | 9.710 | 9.748 |
| Árið 1.10.2027 - 30.9.2028 | 16.925 | - |
| Skuldabréfaeign samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 46.767 | 38.184 |

## 16. Tekjuskattur

| Virkur tekjuskattur greinist þannig: | | **Samstæða 2023** | | **Móðurfélag 2023** |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður ársins | | 566.264 | | 566.264 |
| Tekjuskattur ársins samkvæmt rekstrarreikningi | | 144.752 | | 144.566 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 711.016 | | 710.831 |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 20,0% | 142.203 | 20,0% | 142.166 |
| Aðrir liðir | 0,4% | 2.549 | 0,3% | 2.400 |
| Virkur tekjuskattur | 20,4% | 144.752 | 20,3% | 144.566 |

| **Tekjuskattseign greinist þannig:** | **Samstæða 2023** | **Samstæða 2022** | **Móðurfélag 2023** | **Móðurfélag 2022** |
|---|---|---|---|---|
| Tekjuskattseign 1.10.2022 | 18.178 | 44.874 | 18.178 | 44.906 |
| Tekjuskattur ársins samkvæmt rekstrarreikningi | ( 144.752) | ( 138.342) | ( 144.566) | ( 138.104) |
| Tekjuskattur til greiðslu | 138.103 | 111.646 | 137.917 | 111.376 |
| Tekjuskattseign 30.9.2023 | 11.529 | 18.178 | 11.529 | 18.178 |
| Tekjuskattseign skiptist þannig: | | | | |
| Rekstrarfjármunir | ( 14.559) | ( 11.013) | ( 14.559) | ( 11.013) |
| Óefnislegar eignir | ( 2.778) | ( 817) | ( 2.778) | ( 817) |
| Viðskiptakröfur | 7.083 | 8.469 | 7.083 | 8.469 |
| Skuldbinding | 20.400 | 20.400 | 20.400 | 20.400 |
| Annað | 1.383 | 1.139 | 1.383 | 1.139 |
| Tekjuskattseign 30.9.2023 | 11.529 | 18.178 | 11.529 | 18.178 |

## 17. Skammtímakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2023 | 2022 | 2023 | 2022 |
| Niðurfærsla 1.10.2022 | 154.944 | 199.692 | 154.944 | 194.692 |
| Tapaðar kröfur á árinu | ( 15.163) | ( 17.102) | ( 15.163) | ( 17.102) |
| Tekjufærð niðurfærsla á árinu | ( 6.410) | ( 27.646) | ( 6.410) | ( 22.646) |
| Niðurfærsla 30.9.2023 | 133.371 | 154.944 | 133.371 | 154.944 |

## 18. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 33,6 millj. kr. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 2,1 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé. Viðskipti með eigin hlutabréf eru í samræmi við hluthafasamkomulag milli aðila. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

### Yfirlit um eiginfjárreikninga

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Hlutdeildar reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.10. 2022 | 33.150 | 118.214 | 8.288 | 8.802 | 555.321 | 723.775 |
| Lækkun hlutafjár | ( 4.650) | ( 66.000) | | | ( 3.750) | ( 74.400) |
| Aukning hlutafjár | 3.000 | 45.000 | | | | 48.000 |
| Lækkun varasjóðs | | | ( 413) | | 413 | 0 |
| Arður til hluthafa | | | | | ( 490.000) | ( 490.000) |
| Hagnaður ársins | | | | 3.836 | 562.428 | 566.264 |
| Eigið fé 30.9. 2023 | 31.500 | 97.214 | 7.875 | 12.638 | 624.412 | 773.639 |

Í samræmi við ársreikningalög hefur félagið fært fjárhæð sem nemur hlutdeild í afkomu dótturfélaga, umfram mótteknar arðgreiðslur á árinu, á sérstakan bundinn reikning meðal eigin fjár. Staða bundins eiginfjárreiknings vegna hlutdeildar í afkomu getur ekki orðið neikvæð.

## 19. Skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2023 | 2022 | 2023 | 2022 |
| Laun og launatengd gjöld | 599.630 | 556.113 | 599.630 | 556.113 |
| Virðisaukaskattur og annar ógreiddur kostnaður | 559.619 | 443.290 | 559.723 | 443.341 |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals | 1.159.249 | 999.403 | 1.159.353 | 999.454 |

## 20. Tengdir aðilar

Til tengdra aðila teljast stjórnarmenn, stjórnendur og félög í meirihlutaeigu þeirra.

### Yfirlit um viðskipti milli samstæðufélaga

| | Viðskipta-kröfur 30.9 2023 | Viðskipta-kröfur 30.9 2022 | Viðskipta-skuldir 30.9 2023 | Viðskipta-skuldir 30.9 2022 | Seld þjónusta 2023 | Seld þjónusta 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KPMG legal ehf. | 51 | 51 | 0 | 0 | 0 | 2.994 |
| Circular Solutions ehf. | 309 | 309 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| RR ráðgjöf ehf. | 0 | 0 | 1.620 | 6.853 | 0 | 17.465 |
| Samtals | 360 | 360 | 1.620 | 6.853 | 0 | 20.459 |

## 21. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda samstæðunnar á árinu 2023 er áætluð 4,5 millj. kr. (2022: 4,1 millj. kr.) vegna endurskoðunar á ársreikningi.

## 22. Skuldbindingar

Félagið hefur gert leigusamninga um bifreiðar og um nokkrar af starfsstöðvum félagsins. Leigusamningar félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningar um skrifstofuhúsnæði eru til allt að septemberloka 2038 en leigusamningar um bifreiðar eru að jafnaði til 3ja ára í senn. Í samningunum er ekki að finna uppsagnar- eða framlengingarheimildir. Leigusamningarnir um skrifstofuhúsnæði eru verðtryggðir og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á viðeigandi vísitölum.

Leigusamningar um bifreiðar eru óverðtryggðir. Félagið greiðir mánaðarlega fasta rekstrarleigugreiðslu af bifreiðaleigu auk viðbótargreiðslna í árslok ef akstur á árinu fer yfir tiltekin mörk. Leigugreiðslur á árinu 2023 námu 303 millj. kr. og eru færðar á meðal annars rekstrarkostnaðar. Næsta árs áætlaðar leigugreiðslur nema 310 millj. kr. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu ár. Í töflunni er ekki tekið tillit til áhrifa framtíðarverðbólgu á greiðslur verðtryggðs húsaleigusamnings né mögulegra viðbótargreiðslna af bifreiðaleigu fari notkun umfram tiltekin mörk.

| | **Samstæða og móðurfélag** | |
|---|---|---|
| | **2023** | **2022** |
| Leigugreiðslur árið 2024/2023 | 310.127 | 286.205 |
| Leigugreiðslur árið 2025/2024 | 296.442 | 264.606 |
| Leigugreiðslur árið 2026/2025 | 270.851 | 252.310 |
| Leigugreiðslur árið 2027/2026 | 262.756 | 246.442 |
| Leigugreiðslur árið 2028/2027 | 255.906 | 240.016 |
| Síðar | 2.479.501 | 2.563.145 |
| Rekstrarleigugreiðslur samtals | 3.875.583 | 3.852.724 |

## 23. Hluthafalisti

| | **Eignarhlutur** |
|---|---|
| Auðunn Guðjónsson | 1.000 |
| Auður Ósk Þórisdóttir | 1.000 |
| Ágúst Karl Guðmundsson | 400 |
| Árni V. Claessen | 650 |
| Ásgeir Skorri Thoroddsen | 500 |
| Birna M. Rannversdóttir | 1.000 |
| Davíð Kristján Halldórsson | 1.000 |
| Díana Hilmarsdóttir | 500 |
| Guðrún Björk Stefánsdóttir | 1.000 |
| Haraldur Örn Reynisson | 1.000 |
| Helga Harðardóttir | 750 |
| Helgi Níelsson | 500 |
| Hjördís Ýr Ólafsdóttir | 1.000 |
| Hlynur Sigurðsson | 1.000 |
| Hrafnhildur Helgadóttir | 1.000 |
| Höskuldur Eiríksson | 400 |
| Jóhann I.C. Solomon | 1.000 |
| Jón Arnar Óskarsson | 1.000 |
| Jón S. Helgason | 1.000 |

## 23. Hluthafalisti, frh.:

| | Eignarhlutur |
|---|---|
| Jónas Rafn Tómasson | 400 |
| Kristján Jónasson | 1.000 |
| Kristrún Helga Ingólfsdóttir | 1.000 |
| Lilja Dögg Karlsdóttir | 500 |
| Magnús G. Erlendsson | 1.000 |
| Magnús Jónsson | 1.000 |
| Magnús Kristjánsson | 1.000 |
| Matthías Þór Óskarsson | 1.000 |
| Ólafur Már Ólafsson | 1.000 |
| Reynir Stefán Gylfason | 1.000 |
| Sigríður Helga Sveinsdóttir | 500 |
| Sigríður Soffía Sigurðardóttir | 1.000 |
| Sigurjón Örn Arnarson | 1.000 |
| Sigurvin Bárður Sigurjónsson | 1.000 |
| Soffía E. Björgvinsdóttir | 400 |
| Svanbjörn Thoroddsen | 1.000 |
| Sæmundur Valdimarsson | 1.000 |
| Þorsteinn Þorsteinsson | 1.000 |
| | 31.500 |